



Reykjavík 14.02.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 14. febrúar 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Hólmsheiðarvegur 151


Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn VA arkitekta ehf. mótt. 31. október 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi á lóð Landsnets á Hólmsheiði, Hólmsheiðarvegur 151. Í breytingunni felst að afmarkaður er nýr byggingarreitur fyrir geymsluhúsnæði sunnarlega á lóðinni, heimilt verði að girða bygginguna af með tveggja metra hárrí girðingu og bílastæði verða færð til og þeim komið fyrir norðar á lóðinni, samkvæmt uppd. VA arkitekta ehf. dags. 30. október 2017. Tillagan var auglýst frá 5. desember 2017 til og með 19. janúar 2018. Engar athugasemdir bárust. Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 7. febrúar 2018.

Með vísan í bréf Skipulagsstofnunar dags. 7. febrúar 2018 er samþykkt að endrauglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Harri Ormarsson

Fylgiskjal: Bréf skipulagstofnunar



Reykjavíkurborg
Björn Axelsson
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík 7. febrúar 2018
Tilvísun: 201801136 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi lóðar Landsnets á Hólmsheiði. Hólmsheiðarvegur 151. Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 30. janúar 2018, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi lóðar Landsnets á Hólmsheiði til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga vegna Hólmsheiðarvegar 151. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. Laganna og var breytingartillagan auglýst í Lögbirtingablaðinu og í dagblaði á landsvísu. Engar athugasemdir bárust.

Í auglýsingunum var tekið fram að unnt væri að kynna sér breytingartillöguna frá 5. desember 2017 til og með 19. janúar 2017 og að athugasemdum þurfi að skila inn eigi síðar en 19. desember 2017.

Í gildi er deiliskipulag fyrir lóð Landsnets á Hólmsheiði við Geitháls sbr. birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda, útgð. 20. febrúar 2007. Lóðin er staðsett á vatnsverndarsvæði, fjarsvæði og í jaðri Græna trefilsins og við sprungusvæði.

Í meginatriðum felst breytingin í nýjum byggingarreit fyrir geymslu, 700 m² að grunnfelti, með 6 m mænishæð. Tveggja metra há girðing verður heimiluð umhverfis lóðina og bílastæði færð til. Tekið er fram í greinargerð að athugun hafi leitt í ljós að jarðsprungur liggja um hluta hins nýja byggingarreits en gert sé ráð fyrir að byggja á sprungufríja hluta reistsins, rannsaka húsagrunninn sérstaklega og gera viðeigandi ráðstafanir ef nauðsyn krefur.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði dags. 30. október 2017, með greinargerð, skilmálum og grunnuppdráttum og sneiðingu í mkv. 1:2000.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna þess að uppgefinn athugasemdafrestur í auglýsingu var einungis frá 5. til 19. desember 2017 og því tvær vikur en ekki sex, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 31. gr skipulagslaga sbr. 1. mgr. 41. gr. laganna. Að mati stofnunarinnar þarf því að auglýsa breytingartillöguna að nýju.

Breytingardagsetningum þarf að bæta við á ný gögn.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Inga Björk Dagfinnsdóttir